
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2003-01
Fundartími: Föstudagur 9. maí 2003 kl. 13:30
Fundarstaður: Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14

Fundarefni:

- 1) Störf nefndarinnar.
- 2) Störf raforkuhóps.
- 3) Raforkunotkun 2002.
- 4) Raforkunotkun fyrstu þriggja mánaða ársins 2003.
- 5) Notkunarflokkar raforku 2002.
- 6) Störf jarðvarmahóps.
- 7) Störf eldsneytishóps.
- 8) Önnur mál

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Magnús Magnússon
Þorkell Helgason
Pétur E. Þórðarson
Guðmundur Þóroddsson
Hauku Ingibergsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Orkustofnun: Árni Ragnarsson

- 1) ÞH ræddi störf nefndarinnar og sagði að spurning væri hve mikill áhugi væri á vissum þáttum í starfi nefndarinnar. Hann rakti þær breytingar sem koma fram í nýjum raforkulögum og sagði að þau kölluð á vissar breytingar varðandi raforkuspá nefndarinnar. Hann dreifði tillögu um nýja kostnaðarskiptingu varðandi raforkuspá þar sem ger er ráð fyrir að Orkustofnun standi undir 40%, flutningsfyrirtækið 30% og dreifiveitur 30%. GÐ taldi að Orkustofnun og flutningsfyrirtækið ættu að skipta þessum kostnað á milli sín í samræmi við raforkulögin og þar sem dreifiveiturnar hefðu lítil not af raforkuspánni. PEP taldi að meginábyrgðin væri hjá Orkustofnun og flutningsfyrirtækinu. Hann benti einnig á mikilvægi þess að hafa dreifiveiturnar með í starfinu þar sem skoðanaskipti þeirra sem eru að vinna í dreifingu raforku skiptu miklu máli og þeir hefðu betri tilfinningu fyrir því sem væri að gerast. Einnig taldi hann að fyrirkomulagið hér á landi væri gott þar sem ekki kæmu inn í starfið pólitísk áhrif eins og sum staðar erlendis sem getur valdið því að menn búi til óskaspá fremur en líklegustu spá.

Varðandi eldsneytisspá nefndi ÞH að vægi hennar hafi farið vaxandi vegna aukins áhuga á umhverfismálum. Húshitunarspá er í raun forsenduspá fyrir hinar spárnar þar sem niðurstöður hennar ganga inn í hinar spárnar. Áhugi á jarðvarmaspá hefði alla tíð verið fremur lítill. GP sagði að þær spár nýttust ekki einstökum veitum þar sem þær hefðu miklu betri tilfinningu fyrir því sem væri að gerast en gæti komið fram í jarðvarmaspá. Það ætti einnig að vera hlutverk hins opinbera að gera slíkar spár. ÁR sagði að opinberir aðilar hefðu gagn að slíkri spá og mest not væru í söfnun gagna um notkunina. HI sagði að greina þyrfti þörfina fyrir þessar spár og virtist honum sem skipta mætti því í tvennt annars vegar söfnun gagna um orkunotkun og hins vegar spá.

- 2) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps þar sem fram kemur að hópurinn hefur haldið fjóra fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að samantekt á gögnum síðasta árs og vinna við endurskoðun spár er að hefjast. Frréttatilkygning hefur verið send út um rfaorkunotkun á síðasta ári.
- 3) JV fór yfir tölur um raforkunotkun 2002 á heimasíðu nefndarinnar. Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 4,8%. Aukning stórnotkunar var 5,4%, almenn notkun jókst um 3,5% og flutningstöp jukust um 9,0%. Aukning í forgangsortku almennrar notkunar var 2,1% og 12,1% í ótryggðri orku. JV benti á minni aukningu almennrar forgangsortku á seinni hluta síðasta árs en fyrri hlutanum.

JV fór yfir töflur um almenna raforkunotkun leiðréttá út frá lofthita. Síðasta ár var mjög hlýtt miðað við meðalár, en árið á undan var einnig hlýtt en þó ekki eins og síðasta ár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 3,8% (úr 3,5%) og aukning forgangsortku verður 2,4% (úr 2,1%).

- 4) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur minnkað um 0,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa minnkað um 14,8% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 4,4%. Stórnotkun minnkar um 0,4% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,3%. Sala á ótryggðri orku eykst um 11,6% og forgangsortka minnkar um 1,6%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 2,3°C í stað -0,4°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsortku eykst um 1,7% á fyrsta ársfjórðungi ársins. JV sagði að þetta væri minni aukning en á síðasta ári.
- 5) JV sýndi tölur um raforkunotkun eftir notkunarflokkum og veitum á síðasta ári á heimasíðu nefndarinnar. Töpin koma betur út núna en á síðasta ári nema þau er nokkuð lítill hjá Hitaveitu Suðurnesja bæði á Suðurnesjum og í Hafnarfirði.
- 6) JV sagði að þrjú fundir hefðu verið haldnir í jarðvarmahópi og að búið væri að setja fram spár um fiskeldi, snjóbræðslu og sundlaugar og unnið væri að spá fyrir

iðnað. Stefnt væri að því að vera komnir með uppkast að heildarspá í lok mánaðarins.

- 7) JV sagði að tölur um eldsneytisnotkun á síðasta ári væru ekki komnar frá olúfélögunum enda ættu sum þeirra eftir að halda aðalfund. Hann sagðist stefna að því að fá sem mest inn af gögnunum í maí.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 12. september 2003 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:10.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 9. maí 2003. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)

Sýnt var á netinu:

- Raforkunotkun 2002.
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita
- Raforkunotkun 2003, fyrstu þrjú mánuðir ársins.
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita.
- Orkusala rafveitna árið 2001 eftir notkunarflokkum. (JV)